

Fundargerð 302.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 19. nóvember 2025 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Ólafur Rúnar Ólafsson, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Gjaldskrármál.

Rædd ýmis mál varðandi gjaldskrá og endurgerð hafnarlaganna. Hafnasamband sveitarfélaga hefur undanfarin misseri óskað eftir því við ráðherra hafnarmála að nauðsynlegt sé að uppfæra hafnarlögin frá 2003. Lítið hefur þokast í því máli, en nú virðist sem eitthvað sé að rofa til varðandi endurskoðun á lögunum.

2. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir á Torfunefsbyggju. Einnig voru kynntar uppbyggingarhugmyndir frá Hvalstöðinni ehf., sem átti hæsta tilboðið í byggingarétt á Torfunefi. Hafnarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

3. Innganga Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands bs.

Búið er að semja við HLH ráðgjöf um að skoða ýmsa þætti er varða möguleika á inngöngu Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands bs. Gera má ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki fyrir áramót. Jafnframt mun Vegagerðin taka að sér að meta ástand hafnarmannvirkja hjá báðum aðilum.

4. Samfélagsstyrkur HN fyrir árið 2025

Samfélagsstyrk Hafnasamlags Norðurlands fyrir árið 2025 hlýtur Bergið headspace vegna starfsemi sinnar á Akureyri kr. 1.000.000.-

5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.40